



Reykjavík, 18. febrúar 2022
Fundargerð 238. stjórnarfundar SHS

Tilvísun: 2201004

Föstudaginn 18. febrúar var haldinn 238. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni SHS

1. Ársreikningur 2021, fyrri umræða

Fyrri umræða um samstæðuársreikning SHS fyrir árið 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS samstæðu 2021, drög, dags. 18. febrúar 2022.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Skýrsla um starfsemi aðgerðasviðs 2021

Farið yfir helstu tölfræði og upplýsingar um starfsemi aðgerðasviðs SHS 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsemi aðgerðasviðs 2021, dags. 18. febrúar 2022.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Skýrsla um starfsemi forvarnasviðs 2021

Farið yfir helstu tölfræði og upplýsingar um starfsemi forvarnasviðs SHS 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsemi forvarnasviðs 2021, dags. 18. febrúar 2022.

- Uppgjör skoðunaráætlunar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2021, dags. 16. febrúar 2022.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Álagsgreiðslur vegna COVID-19

Frestað mál frá 237. stjórnarfundum.

Afgreiðsla: Frestað.

5. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Gerð grein fyrir stöðu mála í viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands vegna samnings um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, en framlenging samningsins rennur út 28. febrúar nk.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samkomulag um framlengdan samning um sjúkraflutninga, dags. 31. janúar 2022.

Afgreiðsla: Stjórn ítrekar áherslur sínar á að uppbygging núverandi samnings haldi sér í nýjum samningi eins og áður hefur verið afgreitt af hálfu stjórnar.

6. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:15.

Næsti fundur er áætlaður 18. mars.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Ársreikningur SHS samstæðu 2021, drög, dags. 18. febrúar 2022.
- Starfsemi aðgerðasviðs 2021, dags. 18. febrúar 2022.
- Starfsemi forvarnasviðs 2021, dags. 18. febrúar 2022.
- Uppgjör skoðunaráætlunar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2021, dags. 16. febrúar 2022.
- Samkomulag um framlengdan samning um sjúkraflutninga, dags. 31. janúar 2022.